



UST

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

☎ Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

☎ (+354) 591 2000  
☎ (+354) 591 2010  
umhverfisstofnun@ust.is  
www.umhverfisstofnun.is

Skilmannahreppur  
Stóra-Lambhaga  
301 Akranes

Reykjavík, 5. janúar 2006  
Tilvísun: UST20060100062/óaj

### **Aðalskipulag Skilmannahrepps 2002-2014**

Þann 13. júlí 2004 gerði Umhverfisstofnun með bréfi sínu til Landlína ehf athugasemdir við tillögu að ofangreindu aðalskipulagi. Skipulagstillagan hefur nú verið auglýst og gerir Umhverfisstofnun eftirfarandi athugasemdir við aðalskipulagstillöguna.

#### **Skógrækt**

Umhverfisstofnun ítrekar að stofnunin telur mikilvægt að í aðalskipulagi sé gerð grein fyrir þeim svæðum sem ætluð eru undir skógrækt í samræmi við kafla 4.12.2 í skipulagsreglugerð nr. 400/1998 þar sem segir að sérstaklega skuli gerð grein fyrir skógræktarsvæðum innan landbúnaðarsvæða. Í auglýstu aðalskipulagi Skilmannahrepps kemur hins vegar fram að reikna megi með að skógræktarbændum í sveitarfélaginu muni fjölga í framtíðinni. Af þeirri ástæðu telur sveitarfélagið að ekki sé æskilegt að skógræktarsvæði séu undandregin öðru landbúnaðarlandi á skipulagsupprætti. Einnig segir í skipulaginu að framsetning skógræktarsvæða væri fljót að úreldast vegna þeirrar öru þróunar sem er í greininni.

Að mati Umhverfisstofnunar er afar mikilvægt að við gerð aðalskipulags sé tekið heildstætt á þróun skógræktar í sveitarfélaginu og að sett séu skýr markmið um hvernig skal haga skógrækt innan þess. Af umfjöllun í greinargerð aðalskipulagsins hér að ofan má ráða að óvissa sé um umfang skógræktar innan sveitarfélagsins í framtíðinni. Því telur Umhverfisstofnun að þemakort þar sem sýnd væri núverandi skógrækt og umfang þeirrar skógræktar sem staðfest hefur verið að ráðast í væri hjálpleg heimild.

#### **Efnistaka**

Í greinargerð með aðalskipulaginu eru tilgreind 8 efnistökusvæði, þar af eitt svæði þar sem efnistaka hefur ekki hafist. Einnig er tilgreint það efnismagns sem heimilt er að taka á skipulagstímabilinu. Umhverfisstofnun áréttar að til að stofnunin geti veit fullnægjandi umsögn um nýjar námur innan sveitarfélagsins þurfi að liggja fyrir upplýsingar um vinnslutíma náma, áætlanir um efnistöku og frágang efnistökuastaða, í samræmi við ákvæði 48. og 49. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Í greinargerð með aðalskipulaginu kemur fram að framkvæmdaleyfi fyrir efnistöku hafi ekki verið veitt til þessa. Umhverfisstofnun bendir á að öll efnistaka sem hófst eftir gildistöku laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er háð framkvæmdaleyfi. Stofnunin bendir á að hafi námur verið opnaðar innan sveitarfélagsins eftir gildistöku laganna án þess að fá tilskilið

frankvæmdaleyfi skal undantekningalaust fjalla um þær í samræmi við VI. kafla laga um náttúruvernd.

Í greinargerð með aðalskipulagi eru taldir upp þeir aðilar sem kunna að koma að leyfisveitingu fyrir efnistöku. Þar segir m.a. að leita verði leyfis Umhverfisstofnunar ef fyrirhuguð náma er á náttúruverndarsvæði eða svæðum sem falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd, svo og ef efnistökusvæði er ekki skilgreint í aðalskipulagsáætlun viðkomandi sveitarfélags. Umhverfisstofnun bendir á leita verður leyfis Umhverfisstofnunar ef fyrirhuguð náma er á svæði sem hefur verið friðlýst en stofnunin veitir umsögn um fyrirhuguð efnistökusvæði njóti svæðin sérstakrar vermdar samkvæmt 37. gr. laga um náttúruvernd eða ef svæðið er á náttúruminjaskrá.

### **Hávaði**

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 4. gr. reglugerðar nr. 1000/2005 um kortlagningu hávaða og aðgerðaáætlanir skal kortleggja hávaða á þéttbýlissvæðum, við stóra vegi og stóra flugvelli við þær aðstæður sem tilgreindar eru í viðauka VI í reglugerðinni og meta hve margir verða fyrir áhrifum af völdum hans. Við gerð skipulagsáætlana skal sveitarstjórn hafa hliðsjón af niðurstöðum hávaðakortlagningar, sbr. 9. gr. fyrrgreindrar reglugerðar. Samkvæmt ákvæði til bráðabirgða skal gerð hávaðakorta fyrir þéttbýlissvæði og vegi þar sem umferð er meiri en þrjár milljónir ökutækja á ári lokið eigi síðar en 30. júní 2012.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að búast má við því að umferð við þjóðveg 1 í Skilmannahreppi gæti orðið yfir þessum mörkum innan gildistíma aðalskipulagsins. Stofnunin telur því að fjalla verði um ákvæði reglugerðarinnar í greinargerð aðalskipulagsins. Mikilvægt er að fjallað verði um umferðartölur um helstu þjóðvegi í sveitarfélaginu og birtar verði spár um umferð á gildistíma skipulagsins og út frá þeim lagt mat á hljóðstig í nágrenni þeirra.

### **Úrgangur**

Samkvæmt landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, skulu sveitarstjórnir semja og staðfesta svæðisáætlun sem byggist á markmiðum landsáætlunar og skal þar tiltekið með hvaða hætti sveitarfélagið hyggst ná þeim markmiðum. Svæðisbundinni áætlanagerð átti að vera lokið fyrir 1. apríl 2005.

Umhverfisstofnun vekur athygli á að staðfest hefur verið sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir Suðurland, Suðvesturland og Vesturland (Sameiginleg svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs 2005-2020). Stofnunin telur rétt að það komi fram í greinargerð aðalskipulagsins.


### **Samgöngur**

Í aðalskipulagi er gert ráð fyrir nýrri vegtengingu milli Akrafjallsvegar í Skilmannahreppi og hringvegar í Leirár- og Melahreppi þar sem farið væri yfir Grunnafjörð. Samkvæmt greinargerð sem fylgir með aðalskipulagi mun vegur yfir Grunnafjörð stytta vegalengd milli Akraness og Borgarness um u.þ.b. 7 km, en mun ekki hafa í för með sér styttingu á vegalengd milli Hvalfjarðarganga og Borgarness. Samkvæmt greinargerði með aðalskipulaginu mun vegur yfir Grunnafjörð væntanlega leiða til þess að hringvegur (þjóðvegur 1) verði færður vestur fyrir Akrafjall og er talið að slík breyting muni styrkja verslun og þjónustu á Arkanesi. Tekið er fram að engar endanlegar ákvarðanir um lagningu vegarins liggi fyrir.

Að mati Umhverfisstofnunar er Grunnafjörður eitt mikilvægasta votlendissvæði Íslands en svæðið er einnig eitt af þremur Ramsarsvæðum landsins. Grunnafjörður er einn af mikilvægustu viðkomustöðum farfugla á Íslandi og einn af mikilvægustu fæðusvæðum hafarnar á sunnanverðu Vesturlandi. Með vegi yst í Grunnafirði væri svæðið skorið sundur

með stórfelldri truflun fyrir fuglalíf og vatnsskipti yrðu trufluð með þeim afleiðingum að breyting yrði á seltu og lífríki leirusvæðanna. Í ljósi þess leggst Umhverfisstofnun gegn því að gert verði ráð fyrir vegi yfir Grunnafjörð. Ennfremur bendir stofnunin á að Grunnafjörður er friðlýstur sem friðland samkvæmt auglýsingu í Stjórnartíðindum B, nr. 548/1994 og að samkvæmt 38. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þarf leyfi Umhverfisstofnunar fyrir allri mannvirkjagerð innan hins friðlýsta svæðis. Telur stofnunin að það eigi að koma fram í greinagerð með skipulagstillögunni.

Virðingarfyllst

  
Ólafur A. Jónsson  
Sérfræðingur

  
Helgi Jónsson  
Forstöðumaður

Afrit: Skipulagsstofnun